

Umsókn um félagslegan stuðning vegna heilabilunar

Almennar upplýsingar

Nafn umsækjanda

Kennitala umsækjanda

Lögheimili

Póstnúmer

Netfang

Sími

Farsími

Hjúskaparstaða

☐ Bý ein/einn/eitt

☐ Bý með öðrum

Nafn maka/sambúðaraðila (ef við á)

Kennitala

Börn á heimilinu

Fjöldi barna

Fæðingarár

Tengiliður

Nafn

Sími

Tengsl

Netfang

☐ Ég veiti Reykjavíkurborg leyfi til að deila upplýsingum um umsækjanda til tengiliðar

Heimilislæknir

Nafn heimilislæknis

Heilsugæslustöð

Önnur þjónusta

Hefur þú einhverja af eftirfarandi þjónustu?, ef svo hve mikla?

☐ Heimastuðningur

☐ Heimahjúkrun

☐ Akstursþjónusta

☐ Dagþjálfun

☐ Endurhæfing í
heimahúsi

☐ Annað

Ástæða umsóknar

Hvernig myndir þú vilja nýta stuðninginn?

Fylgiskjöl

☐ Læknisvottorð / Staðfesting á heilabilunarsjúkdómi

Ég staðfesti að allar upplýsingar sem veittar eru í sambandi við umsókn þessa eru réttar. Ég skuldbind mig til þess að upplýsa velferðarsvið um breytingar á búsetu og félagslegum aðstæðum sem áhrif kunna að hafa á umsóknina.

Til þess að geta lagt mat á umsókn mína um félagslegan stuðning til einstaklinga með heilabilun samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, þarf velferðarsvið Reykjavíkurborgar að afla persónuupplýsinga er mig varða. Vakin er athygli á vinnslu persónuupplýsinga af hálfu velferðarsviðs á næstu blaðsíðu.

Dagsetning

Undirskrift umsækjanda

Persónuverndarfræðsla

Til þess að geta unnið úr umsókn þinni og lagt mat á umsókn þína í þróunarverkefni um aukinn félagslegan stuðning til einstaklinga með heilabilun er velferðarsviði Reykjavíkurborgar nauðsynlegt að vinna með nánar tilgreindar persónuupplýsingar þínar. Unnið er með upplýsingar sem þú lætur af hendi í umsóknarferli. Í samræmi við lagaskyldu varðveitir borgin þessar upplýsingar ótímabundið.

Hver er tilgangur vinnslu og grundvöllur hennar?

Reykjavíkurborg er nauðsynlegt að vinna með persónuupplýsingar þínar til að leggja mat á umsókn þína í þróunarverkefni um aukinn félagslegan stuðning til einstaklinga með heilabilun. Vinnslan byggir á lagaskyldu, þ.e. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og þess opinbera valds sem borgin fer með.

Veitir þú Reykjavíkurborg ekki umbeðnar upplýsingar getur það leitt til þess að ekki verði hægt að afgreiða umsókn þína.

Hvaða upplýsingar er unnið með?

Umsókn um þróunarverkefni um aukinn félagslegan stuðning til einstaklinga með heilabilun byggir á stöðu umsækjenda í margvíslegum skilningi. Unnið er með eftirfarandi upplýsingar um umsækjendur:

Almennar persónuupplýsingar: Nafn, lögheimili/aðsetur, kyn, fjölskyldugerð, kennitala, símanúmer, netfang, ríkisfang, atvinnustaða, menntun, húsnæðisstaða, upplýsingar um aðstandanda og aðrar upplýsingar sem umsækjandi vill koma á framfæri í umsóknarferli.

Viðkvæmar persónuupplýsingar: Upplýsingar um heilsufar og félagslegar aðstæður umsækjanda, læknisvottorð eða önnur staðfesting á heilabilunarsjúkdómi/heilsufari.

Hvaðan koma upplýsingarnar?

Umsækjandi veitir framangreindar upplýsingar auk þess sem Reykjavíkurborg sækir grunnupplýsingar um umsækjanda til Þjóðskrár. Jafnframt kann Reykjavíkurborg að afla nauðsynlegra upplýsinga úr gagnagrunni velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, Sjúkraskrárkerfinu Sögu, sérhæfðum dagþjálfunum eða frá nánustu aðstandendum til þess að geta lagt mat á og afgreitt umsókn þessa.

Hversu lengi eru persónuupplýsingarnar geymdar?

Persónuupplýsingar þínar eru geymdar ótímabundið á grundvelli lagaskyldu er hvílir á Reykjavíkurborg. Að tilgreindum tíma liðnum er Reykjavíkurborg skylt að afhenda Þjóðskjalasafni Íslands öll gögn sem unnið er með til varðveislu.

Hvernig tryggjum við öryggi persónuupplýsinganna?

Reykjavíkurborg gætir öryggis persónuupplýsinga með viðeigandi skipulagslegum og tæknilegum ráðstöfunum, þ. á m. aðgangsstýringum og dulkóðun. Allt það starfsfólk sem kemur að vinnslu persónuupplýsinga umsækjanda er bundið þagnarskyldu.

Miðlun persónuupplýsinganna til þriðju aðila

Að tilgreindum tíma liðnum er Reykjavíkurborg skylt að afhenda Þjóðskjalasafni Íslands öll gögn sem unnið er með í tengslum við umsókn um þróunarverkefni um aukinn félagslegan stuðning til einstaklinga með heilabilun til varðveislu.

Reykjavíkurborg kann að miðla upplýsingum um umsækjanda til nánustu aðstandenda ef umsækjandi heimilar slíkt í umsóknarferlinu. Reykjavíkurborg mun að öðru leyti ekki miðla

persónuupplýsingum þínum til annarra aðila nema borginni sé slíkt skylt á grundvelli laga, stjórnvaldsfyrirmæla eða dómsúrskurðar. Þá mun borgin ekki miðla persónuupplýsingum þínum utan Evrópska efnahagssvæðisins nema á grundvelli sérstakrar heimildar þar um og án þess að upplýsa þig um slíkt.

Réttindi þín

Þú kannt að eiga rétt til þess að fá aðgang að þeim persónuupplýsingum sem Reykjavíkurborg vinnur með í tengslum við umsókn þína. Þá kannt þú að hafa rétt til að andmæla vinnslunni, fá upplýsingarnar leiðréttar, krefjast þess að þeim verði eytt, að vinnslan verði takmörkuð og/eða að þú eða þriðji aðili fái upplýsingar afhentar á tölvulesanlegu formi. Nánari upplýsingar um þessi réttindi þín má finna í persónuverndarstefnu Reykjavíkurborgar sem aðgengileg er á vefsíðu Reykjavíkurborgar.

Kvörtun yfir vinnslu

Sérstök athygli er vakin á því að sért þú ósátt/ur við meðferð Reykjavíkurborgar á persónuupplýsingum þínum getur þú ávallt haft samband við persónuverndarfulltrúa Reykjavíkurborgar (persónuverndarfulltrui@reykjavik.is) eða sent erindi til Persónuverndar. (www.personuvernd.is) Persónuverndarfræðsla